

Ed.

453. Nefndarálit

[9. mál]

um frv. til laga um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það umsagnir Verkstjórasambands Íslands, vitamálastjóra, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, vegamálastjóra, Vinnuveitendasambands Íslands, Félags íslenzkra iðnrekenda og Sólumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Mæla allir þessir aðilar með samþykkt frv., en sumir vilja breyta ákvæðunum um stjórn námskeiðanna og inntökuskilyrði.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeirri breytingu, að inntökuskilyrði verði ákveðin með reglugerð. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða styðja aðrar brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 3. marz 1961.

Eggert G. Þorsteinsson,
form.

Kjartan J. Jóhannsson,
fundaskr.

Magnús Jónsson,
frsm.

Hermann Jónasson.

Daníel Ágústínusson.